



Alþingi

Erindi nr. Þ

119/61

komudagur

7/6

1995

Landbúnaðarnefnd Alþingis,  
bt. Guðna Ágústssonar formanns  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. júní 1995  
SP/hó

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

Fjallað hefur verið um frumvarpið á vegum Bændasamtaka Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins með þátttöku forsvarsmanna einstakra búgreinafélaga, og vilja þessi samtök koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri við nefndina.

Ljóst er að gildistaka sammingsins um WTO og fyrirhuguð lagasetning hefur í för með sér grundvallarbreytingu á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar og úrvinnslugreina hans. Þessar atvinnugreinar eru almennt ekki vel búnar undir alþjóðlega samkeppni, og því er nauðsynlegt að farið verði með fyllstu gát og landbúnaðinum veitt svigrúm til aðlögunar, svo sem samningurinn um WTO heimilar.

Í því sambandi er m.a. brýnt, að ekki verði gerðar vægari kröfur um heilbrigði, hollustu og framleiðsluhætti þeirra vara, sem leyft verður að flytja inn, en íslenskir búvöruframleiðendur verða að sæta. Það hlýtur að teljast eðlilegt að ganga þannig frá lagasetningu nú, að þessi skilyrði séu uppfyllt, t.d. með sérstakri grein í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Þá er nauðsynlegt, samhliða þeim breytingum á innflutningsreglum sem framundan eru, að efla allt eftirlit við tollafgreiðslu og færa til samræmis við það sem gerist í öðrum ríkjum. Á það skortir nú að slíkt eftirlit standi undir nafni, og má í því sambandi vitna til nýútkominnar skýrslu á vegum landlæknis (Heilbrigðisskýrslur, fylgirit 1995 nr. 2).

Hvað varðar þá almennu tollvernd fyrir búvörur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, skal sérstaklega vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Ekki er gert ráð fyrir neins konar verðtryggingu á rauntollum skv. viðauka I. Þótt verðlag hafi verið stöðugt um nokkurt skeið, er ekki tryggt að svo verði út gildistíma sammingsins um WTO.
2. Verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggjast ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa er um vöruval og verðlag á ýmsum vöruflokkum er til innflutnings kemur.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tollar á unnar vörur, sem falla undir ákvæði fríværslunarsamninga eða bókun 3 með EES (flestar í tollköflum 18 - 22),

samsvari þeim verðjöfnunargjöldum sem nú eru lögð á viðkomandi vörur og eru í mörgum tilvikum langt undir leyfilegum bindingum.

Hætt er við að þetta rýri samningsstöðu Íslands í þeim viðræðum sem nú standa yfir um endurskoðun á bókun 3, þar sem ekkert svigrúm er til að bjóða EES-ríkjum sérstök tollfríðindi, nema þá að lækka þessa tolla gagnvart þeim niður fyrir það sem viðunandi er.

Ennfremur er hætt við, að aðstaða okkar í næstu samningalotu á vegum WTO verði þrengri af sömu ástæðu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra sé heimilt að úthluta tollkvótum til innflutnings á lægri tollum, umfram það sem samningsskuldbindingar varðandi lágmarksaðgang og ríkjandi markaðsaðgang kveða á um. Eru kvótar þessir birtir í viðaukum IVA (kjöt, mjólkurvörur og egg) og IVB (garðyrkjuafurðir).

Því verður ekki andmælt, að nauðsynlegt er að ráðherra hafi slíkt svigrúm til að bregðast við takmörkuðu framboði eða skorti á íslenskum afurðum. En frumvarpið veitir ráðherra enga leiðsögn um það í hvaða tilgangi eða við hvaða aðstæður eigi að beita þessum kvótum.

Nú er það svo hvað garðyrkjuna varðar, að tollkvótar skv. viðauka IIIB, þ.e. kvótar til að uppfylla skilyrði um ríkjandi markaðsaðgang sem miðast við árið 1988, eru í flestum tilfellum verulega rýmri en sem svarar núverandi innflutningi. Auk þess ber að hafa í huga, að garðyrkjubændur búa við skarðan hlut í kjölfar EES-samninganna, sem opnuðu fyrir umtalsverðan og tollfrjálsan innflutning á vissum garðyrkjuafurðum. Í þessu sambandi skal vakin athygli á meðfylgjandi bréfi Sambands garðyrkjubænda til efnahags- og viðskiptanefndar og tekið undir þá gagnrýni sem þar kemur fram.

Það hlýtur að teljast eðlileg krafa í þessu ljósi, að heimild landbúnaðarráðherra til að úthluta viðbótarkvótum skv. viðauka IV, verði bundin því skilyrði að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn. Þá skal vakin athygli á því að magntölurnar, einkum í viðauka IVB, eru mjög handahófskenndar en virðast hvorki styðjast við framleiðslu- eða neyslutölur.

Loks telja Bændasamtökin og Framleiðsluráð að eðlilegt sé að landbúnaðar- ráðherra leiti umsagnar þessara aðila við setningu reglugerðar samkvæmt breyttum lögum, svo sem verið hefur meginregla við reglugerðasetningu á grundvelli búvörulaga.

Okkur er það fullljóst, að íslenskur landbúnaður mun þurfa að mæta harðnandi viðskiptaumhverfi á komandi árum með vaxandi samkeppni erlendis frá. Því er mikilvægt, að stjórnvöld geri jafnframt allt sem í þeirra valdi stendur til að bæta rekstrarskilyrði landbúnaðarins og úrvinnslugreina hans og búa þær þannig undir fyrisjáanlegar breytingarnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands

f.h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins

  
Ari Teitsson

  
Haukur Halldórsson

Samrit sent:  
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Ágústu H. Látusdóttur deildarfulltrúa.